

2. gr.

Gjaldskrá þessi er samþykkt af bæjarstjórn Hafnarfjarðar og staðfestist hér með til þess að öðlast gildi við birtingu.

Umhverfissráðuneytið, 13. mars 1995.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgar-ráðs hefur verið ákveðið:

1. Að tvístefna verði á Tómasarhaga.
2. Að banna bifreiðastöður á vesturkanti Þingholtsstrætis milli Bókhlöðustígs og Skálholtsstígs.
3. Að afnema stöðubann á austurkanti Þingholtsstrætis milli Bókhlöðustígs og Skálholtsstígs.

Ákvörðun þessi hefur þegar tekið gildi.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 16. mars 1995.

Böðvar Bragason.

e.u.

Sturla Þórðarson.

REGLUGERÐ

um vitagjald.

1. gr.

Við ákvörðun vitagjalda samkvæmt stærð skipa skal miðað við brúttótonnatölu skipa samkvæmt alþjóðlegu mælibréfi, sem gefið er út samkvæmt ákvæðum alþjóðasamþykktarinnar um mælingu skipa frá 1969.

Vitagjald kr. 57,80 af hverju brúttótonni skal greiða vegna skipa sem eru 10 brúttótonn eða stærri og taka höfn hér á landi og skal hálf tonn eða þar yfir teljast heilt tonn, en minna broti sleppt. Fyrir skip sem flytja engan farm fyrir borgun, annan en farþega, skal gjaldið þó vera kr. 14,45.

2. gr.

Undanþegin gjaldi þessu eru herskip, varðskip, tollgæslubátar og vitaskip. Sama gildir um skip sem leita hafnar í neyð, en taka engan farm úr landi né úr öðrum skipum né heldur flytja farm í land eða í önnur skip enda hafi sannast í sjóprófi eða með annarri lögfullri sönnun að þau hafi verið í nauðum stödd af árekstri eða sjóskemmdum eða af veikindum eða farmskekkju eða ófriði.

Heimil er niðurfelling gjaldsins vegna skipa, sem eigi eru notuð á gjaldárinu.

3. gr.

Vegna íslenskra skipa skal gjald þetta greitt eigi síðar en 1. apríl ár hvert og þá þar sem skipið er skrásett. Af erlendum skipum, sem setja farþega eða vörur á land skal greiða 1/4 hluta vitagjaldsins við hverja komu til landsins, en þó aldrei oftar en fjórum sinnum á hverju almanaksári. Fyrir slík skip greiðist gjaldið í fyrstu höfn sem það tekur hér við land.

4. gr.

Lögreglustjórar, í Reykjavík tollstjórinn, sjá um innheimtu vitagjaldsins. Skyldur er skipstjóri að sýna innheimtumanni leiðarbók skipsins og skipsskjöl og er innheimtumanni rétt að halda eftir alþjóðamælibréfi og þjóðernisskírteini, nema gjaldið hafi verið greitt.

Ágreiningi um gjaldskyldu og útreikning má skjóta til úrskurðar ráðuneytisins.

5. gr.

Vitagjaldinu er varið til að standa straum af kostnaði við rekstur Vitastofnunar Íslands.

6. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum, nema þyngri refsing liggi við. Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt lögum um vitamál nr. 56/1981, með síðari breytingum staðfestist hér með til að öðlast gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um vitagjald nr. 464/1992.

Samgönguráðuneytið, 15. mars 1995.

Haldór Blöndal.

Jón Birgir Jónsson.

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Kópavogi árið 1995.

1. gr.

Árgjald vegna hundahalds, sbr. c. lið 3. gr. samþykktar nr. 257/1988 um hundahald í lögsagnarumdæmi Kópavogs, skal árið 1995 vera kr. 7.200. Gjaldddagi er 1. mars og eindagi 1. apríl.

Gjaldið skal vera kr. 600 fyrir hvern byrjaðan mánuð eða brot úr mánuði.